***Harmljóðin 2:18-19*** *Hrópa þú hátt til Drottins, þú mærin, dóttirin Síon. Lát tárin renna eins og læk dag og nótt, unn þér engrar hvíldar, auga þitt láti ekki hlé á verða. Á fætur! Kveina um nætur, í byrjun hverrar næturvöku, úthell hjarta þínu eins og vatni frammi fyrir augliti Drottins, fórnaðu höndum til hans fyrir lífi barna þinna, sem hníga magnþrota af hungri á öllum strætamótum.*

**Þetta er sýnishorn af bænaskjali sem er notað á bænastund með Mæður í bæn.**

Hópstjóri getur hlaðið niður nýju eintaki. Hvert skjal leggur út frá versum úr biblíunni. Það hjálpar okkur að biðja og kennir okkur mæðrum hugsanir Guðs um okkur og börnin okkar.

---

- **Tilbeiðsla**: Lofa Guð fyrir hver hann er; Eiginleiki: **Guð gefur öryggi**

| ***Jes 12:2*** | ***Sálm 5:12-13*** |
|---|---|
| *Sjá, Guð er mitt hjálpræði, ég er öruggur og óttast eigi, því að Drottinn Guð er minn styrkur og minn lofsöngur, hann er orðinn mér hjálpræði.* | *Allir kætast, er treysta þér, þeir fagna að eilífu, því að þú verndar þá. Þeir sem elska nafn þitt gleðjast yfir þér. Því að þú, Drottinn, blessar hinn réttláta, hlífir honum með náð þinni eins og með skildi.* |

- **Syndajátning**: Í hljóði. (Leiðtoginn byrjar og endar þennan hluta.)
  ***1.Jóh. 1:7*** *En ef vér göngum í ljósinu, eins og hann er sjálfur í ljósinu, þá höfum vér samfélag hver við annan og blóð Jesú, sonar hans, hreinsar oss af allri synd.*

- **Þakkir:** Þakkið Guði fyrir bænasvör og annað sem hann hefur gert.
  ***1. Þess. 5:18*** *Þakkið alla hluti, því að það er vilji Guðs með yður í Kristi Jesú.*

- **Fyrirbæn**

## -Fyrir börunum okkar:

Ég bið að óttinn muni ekki grípa __________, því að þú ert hjá honum/henni! ________ þarf ekki að hugfallast, því að þú ert einnig hans/hennar Guð. Við biðjum að þú Guð munir hjálpa og styðja ________ með þinni frelsandi hendi. (sérsniðið *Jes 41:10*)

Nafn:_____________________Nafn: ____________________ Nafn: ______________

## -Fyrir kennurum/starfsfólki:

Þú Guð elskaðir __________ svo mikið að þú sendir einkason þinn fyrir hann/hana. Hjálpaðu _______ að játa nafnið þitt svo hann/hún eignist eilíft líf. *(sérsniðið Jóh. 3:16)*

Nafn: ______________ Nafn: ______________

## -Fyrir leikskólum/ skólum/ framhaldsskólum/ háskólum:

- Biðjið um frelsi til handa börnunum í bekknum (notið nafnalista, en fjöldi barna fer eftir tímanum sem þið hafið)
- Biðjið að kennararnir eignist gott samband við hvert barn.

## - Fyrir Mæðrum í bæn:

-Biðjið að fleiri mæður vakni upp til fyrirbæna fyrir skólum landsins.

**Mundu að allt sem talað er í hópnum er bundið trúnaði**